



**71. fundur Byggðaráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 17. janúar 2023  
og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Hannes Karl Hilmarsson varamaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir varamaður, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. 202301003 - Fjármál 2023**

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

**2. 202209205 - Gjaldskrár 2023**

Fyrir liggja, annars vegar, tillögur að uppfærðum reglum um afslátt af fasteignaskatti hjá Múlapingi og, hins vegar, leiðrétt tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega varðandi afslátt af fasteignaskatti.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að reglum um afslátt af fasteignaskatti hjá Múlapingi. Einnig samþykkir byggðaráð, varðandi heimild til lækkunar fasteignaskatts hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum árið 2023, að viðmiðunartölur tekna hjá hjónum verði lágmark 6.145.355 kr. og hámark 7.785.302 kr. Fjármálastjóra falið að sjá til þess að unnið verði í samræmi við samþykktar reglur og viðmið.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**3. 202208103 - Leiguíbúðir í eigu Múlapings**

Fyrir liggur minnisblað þar sem gerð er grein fyrir því ferli er unnið verður samkvæmt við hækkun á leiguverði íbúða í eigu sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

**4. 202211221 - Fjöldahjálparstöð á Seyðisfirði**

Fyrir liggur minnisblað frá skrifstofustjóra þar sem fram kemur tillaga um staðsetningu fjöldahjálparstöðvar á Seyðisfirði, að drög að samkomulagi milli Múlapings og Rauða kross Íslands um fjöldahjálparstöð á Seyðisfirði verði afgreidd og tillaga að ákvæði inn í samning Múlapings við rekstraraðila Herðubreiðar.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að félagsheimilið Herðubreið á Seyðisfirði verði fjöldahjálparstöð á neyðatímum og að í samningi Múlaþings við rekstraraðila Herðubreiðar komi eftirfarandi fram m.a.:

„Ef opna þarf fjöldahjálparstöð á hættutímum vegna náttúruhamfara eða annarra alvarlegra atvika þá veita rekstraraðilar Herðubreiðar Rauða krossinum og almannavörnum aðgang að húsnæðinu ásamt því að leggja til tengilið við húsnæðið og aðgang að húsnæðinu til æfinga í neyðarviðbrögðum. Æfingar eru í samráði við rekstraraðila með fyrirvara um að tímasetning á æfingu henti báðum aðilum.“

Byggðaráð Múlaþings samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi milli Rauða kross Íslands og Múlaþings um fjöldahjálparstöð í Herðubreið. Skrifstofustjóra falin framkvæmd málsins og að upplýsa viðbragðsaðila.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### 5. **202106106 - Úthéraðsverkefni**

Fyrir liggur minnisblað varðandi Úthéraðsverkefnið þar sem fram kemur m.a. að heimastjórn Fljótsdalshéraðs tekur undir þær tillögur er verkefnahópur leggur til.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings tekur undir með heimastjórn Fljótsdalshéraðs og fagnar þeirri vinnu er unnin hefur verið af verkefnahópi um eflingu byggða á Úthéraði. Byggðaráð styður þær tillögur er hópurinn leggur fram að því gefnu að árlegur styrkur sveitarfélagsins, sem þar er gert ráð fyrir, rúmist innan samþykkrar fjárhagsáætlunar. Málinu vísað til heimastjórnar Fljótsdalshéraðs til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### 6. **202212083 - Ábendingagátt**

Fyrir liggur minnisblað frá skrifstofustjóra varðandi vinnu við að koma á stafrænni ábendingagátt þar sem íbúum verður, í gegnum tölvu eða síma, gert kleift að koma á framfæri ábendingum til sveitarfélagsins sem fara síðan í farveg innan stjórnarsýslu þess.

Lagt fram til kynningar.

#### 7. **202211220 - Þátttaka í sameiginlegu spjallmenni sveitarfélaga**

Fyrir liggur tölvupóstur frá umbreytingateymi Sambands íslenskra sveitarfélaga er varðar sameiginlegt verkefni sveitarfélaga um spjallmenni í stafrænni umbreytingu sem Múlaþing er aðili að.

Lagt fram til kynningar.

#### 8. **202209220 - Störf undanþegin verkfallsheimild 2023**

Fyrir liggur listi yfir störf hjá Múlaþingi sem undanskilin eru verkfallsheimild árið 2023, komi til verkfalla, sbr. 19.gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 með síðari breytingum og 2.gr. laga nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Að lokinni yfirferð yfir fyrirbyggjandi drög samþykkir byggðaráð listann og felur skrifstofustjóra að sjá til þess að listinn verði birtur í B-deild Stjórnartíðinda innan tilskilins frest.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**9. 202101048 - Jafnréttisáætlun, jafnlaunastefna Múlapings**

Fyrir liggur minnisblað frá verkefnastjóra mannauðs þar sem fram kemur m.a. að jafnréttisteymið hefur hafið vinnu við endurskoðun jafnréttisáætlunar og er stefnt að því að leggja drög að endurskoðaðri áætlun fyrir byggðaráð til afgreiðslu fyrir 1. mars nk.

Lagt fram til kynningar.

**10. 202301120 - Sveitarstjórnarbekkurinn**

Farið yfir erindin sem bárust á sveitarstjórnarbekkurinn, sem haldinn var á Jólakettinum 10. desember sl., og þeim vísað til viðkomandi ráða, stofnana og starfsfólks til afgreiðslu eftir því sem við á.

Í vinnslu.

**11. 202301122 - Atvinnu- og menningarmál, yfirferð sviðstjóra**

Inn á fundinn undir þessum lið kom Aðalheiður Borgþórsdóttir, atvinnu- og menningarmálastjóri Múlapings, og fór yfir þau helstu verkefni sem unnið hefur verið að á sviði atvinnu- og menningarmála undanfarna mánuði og það sem framundan er.

Lagt fram til kynningar.

**Gestir**

Aðalheiður Borgþórsdóttir - 10:20

**12. 202201078 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2022**

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14.12.2022.

Lagt fram til kynningar

**13. 202201168 - Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2022**

Fyrir liggja fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 12.12.2022.

Lagt fram til kynningar.

**14. 202103067 - Fundargerðir stjórnarfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2021,2022**



Fyrir liggur fundargerð stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 30.11.2022.

Lagt fram til kynningar.

**15. 202201134 - Almanavarnarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi - fundargerðir 2022**

Fyrir liggur fundargerð Almanavarnarnefndar Austulands , dags. 12.12.2022.

Lagt fram til kynningar.

**16. 202212047 - Félagsheimilið Herðubreið, rekstur**

Fyrir liggja drög að viðauka við samning um starfsemi og rekstur Herðubreiðar þar sem gert er ráð fyrir framlengingu á gildandi samningi til og með 30. apríl 2023. Ástæða framlengingar er að útboð varðandi rekstur Herðubreiðar er í ferli og er raunhæft að gera ráð fyrir því að útboð og samningagerð geti tekið þrjá til fjóra mánuði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir fyrirliggjandi drög að viðauka við samning um starfsemi og rekstur Herðubreiðar og felur sveitarstjóra að undirrita viðaukann fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Gestir**

Aðalheiður Borgþórsdóttir - 10:50

**17. 202212040 - Hreindýraarður 2022**

Fyrir liggur bókun sveitarstjórnar Múlaþings, dags. 11.01.2023, þar sem erindi heimastjórnar Fljótsdalshéraðs, dags. 08.12.2022, varðandi mögulega vöktun skaða vegna hreindýra er vísað til byggðaráðs til umfjöllunar og afgreiðslu.

Í vinnslu.

**18. 202209107 - Öldugata 14 Seyðisfirði**

Í vinnslu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:20**

